Fimleikasamband Íslands

**Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands**

**4. fundur, haldinn í sal C í byggingu Íþrótta- og ólympíusambands Íslands, þriðjudaginn 8. október 2019, kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:** Arnar Ólafsson, Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir, Hulda Árnadóttir, Þór Ólafsson, Harpa Þorláksdóttir.

**Boðuð forföll:** Sólveig Jónsdóttir, Þór Ólafsson og Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Hulda Árnadóttir.

1. **Ósk um undanþágu á félagaskiptareglum – til samþykktar**
   Umræður. Samþykkt.

2. **Erindi frá Aftureldingu – til samþykktar**
   Erindið liggur ekki fyrir í fundargögnum. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

3. **Fyrirspurn frá Fjölni varðandi mótaskrá og niðurröðun móta**
   Ákveðið er að fela skrifstofu að svara fyrirspurninni. Stjórn leggur áherslu á að hringeikjan verði fullunnin hið fyrsta í samræmi við fyrri ákvörðun þar að lútandi til að koma í veg fyrir að mál af þessum toga komi upp.

4. **Tillaga um móttökunámskeið í áhaldafimleikum – til samþykktar**
   Umræður. Stjórn er samþykk tillögunni en leggur þó áherslu á að í ljósi þess skamma tíma sem er til 10. nóvember að boðið verði upp á annað námskeið til að uppfylla skylduna eftir áramót.

5. **Svar frá tækninefndum við fyrirspurn stjórnar um liðakeppni í 4. og 5. þrepi – til upplýsingar**

6. **Fræðsludagskrá – til upplýsingar**

7. **Kröfur móta í þrepum – kvk – til upplýsingar**

8. **Kröfur móta í frjálsum æfingum – kvk – til upplýsingar**

9. **Kröfur móta – kk – bárust ekki fyrir fundinn**

GK BÍLALEIGA AKUREYRAR Europcar TM SUBWAY toppur WOW air 66° NORTH UNDER ARMOUR

10. **Önnur mál**

Stjórn óskar eftir því að upplýsingar verði veittar um fjárhag sambandsins og stöðu á næsta fundi og sérstök umræða verði á þeim fundi um það hvernig slíkri upplýsingagjöf verði háttað á stjórnarfundum til framtíðar.

**Fundi slitið kl. 18:00**

**5. fundur stjórnar verður haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 29. október 2019, kl. 12:00.H**